

Ingibjörg Steindórsdóttir (1912-2010), iðnverkakona

Afhending 2020/9

Ingibjörg fæddist 9. apríl 1912 á Skjaldþingsstöðum í Vopnafirði, N-Múlasýslu og lést 19. desember 2010 á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri.

Móðir hennar var Guðrún Jörgensdóttir (f. 2.7.1884 d. 24.4.1923), húsmóðir í Syðri-Vík í Vopnafirði og faðir hennar var Árni Steindór Kristjánsson (f. 7.11.1881 d. 15.2.1953), bóndi í Syðri-Vík í Vopnafirði.

Ingibjörg átti einn bróður Jörgen Gunnar Steindórsson (f. 11.3.1915 d. 22.12.1988) og eina systur Stefaníu Jóhönnu Steindórsdóttur (f. 18.7.1913 d.24.9.1995), sem átti fimm dætur. Ingibjörn var ógift og barnlaus.

Ingibjörg flutti á Akureyri annað hvort 1934 eða 1936 en heimildum ber ekki saman um það. Hún var skráð veturstúlka að Bjarmastíg 9 árið 1936. Þaðan var nokkuð flakk á henni og var hún skráð til heimils í nokkrum húsum á Akureyri næstu ár en frá 1943 er hún varanlega skráð til heimils að Helgamagrastræti 30.

Fram til 1942 er hún skráð iðnverkakona en eftir 1944 er hún skráð saumakona.

Afhending barst frá Rögnu Gestdóttur starfsmanmi Minjasafnsins og samanstendur af fermingarkortum og skeytum Ingibjargar frá fermingardegi hennar 23. maí 1926, ásamt einu bólusetningarvottorði. Ekki hafa borist aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Ingibjörg Steindórsdóttir (1912-2010), iðnverkakona			2020 / 9
A-Ingibjörg Steindórsdóttir		1915 - 1926	
2020 -	A / 1 1	1926- 1926	Fermingarkort Ingibjargar frá 23. maí 1926.
2020 -	A / 1 2	1926- 1926	Símskeyti til Ingibjargar í tilefni af fermingardegi hennar 23. maí 1926.
2020 -	A / 1 3	1915- 1915	Bólusettingarvottorð Ingibjargar dagsett 27. júní 1915.